

**3271. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
10. desember 2015 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfssdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Anna Lára Steindal varaáheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1510029 - Starf forstöðumanns menningar- og safnamála

Ráðning forstöðumanns menningar- og safnamála hjá Akraneskaupstað.

Alls bárust 25 umsóknir um stöðu forstöðumanns menningar- og safnamála en ráðningarástofan Hagvangur aðstoðaði við mat á umsóknum og úrvinnslu.

Bæjarráð samþykkir að ráða Ellu Maríu Gunnarsdóttur í starf forstöðumanns. Ella María er viðskiptafræðingur með meistarapróf í bókasafns- og upplýsingrafraðum.

2. 1505141 - Tilfærsla fjárheimilda frá Sambýlinu á Vesturgötu

Eindi sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs varðandi viðauka 2015.

Bæjarráð samþykkir tilfærslu fjárheimilda á velferðar- og mannréttindasviði, kr. 6.000.000 af liðnum 02270 á liðinn 02260 og kr. 4.000.000 af liðnum 02270 á liðinn 02280.

Um er að ræða rekstrarliði sem ætlaðir voru til að mæta auknum rekstrarútgjöldum á Sambýlinu Vesturgötu en þar sem ekki var farið í fyrirhugaðar endurbætur þar hefur sú aukna þjónustubörf sem áætluð var farið fram á Sambýlinu Laugarbraut (02270) og í búsetukjarnanum að Holtsflöt 9 (02280).

3. 1505141 - Endurskoðun fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2015

Eindi sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs varðandi fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2015.

Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2015 með fyrirvara um samþykki skipulags- og unhverfisráðs.

Breytingin felst í viðbótarverkefnum (fjárfestingar) vegna hönnunarvinnu að fjárhæð kr. 5.000.000 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Jaðarsbakkalaug, vegna kaupa á tækjabúnaði(rakatæki) fyrir skjalasafn Bókasafns Akraness að fjárhæð kr. 3.000.000 og vegna kaupa á gámum á tjaldsvæði og við Langasand að fjárhæð kr. 5.500.000.

Heildarbreyting í fjárfestingum á árinu 2016 er hins vegar til lækkunar á eignfærði fjárfestingu að fjárhæð kr. 83.900.000 sem skýrist fyrst og fremst af því að ekki var ráðist í framkvæmdir við Sambýlið við Vesturgötu.

ØR
RA

4. 1411074 - Langtímoveikindi starfsmanna 2015 - ráðstöfun fjármuna (veikindapottur)

Umsóknir frá velferðar- og mannréttindasviði og skóla- og frístundasviði í veikindapott Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð frestar afgreiðslu erindisins.

5. 1503231 - Styrkir til greiðslu fasteignaskatts v/ aðila með starfsemi í menningar-, íþrótt-, æskulýðs-, tómstunda- eða mannúðarmálum

Erindi Akur frímúrarastúku með beiðni um endurskoðun ákvörðunar bæjarráðs frá 26. nóvember 2015 um synjun fasteignastyrks.

Með vísan til framlagðöra gagna samþykkir bæjarráð styrk til Akurs frímúrarastúku samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts.

Fjárhæðinni, samtals kr. 645.000, er ráðstafað af liðnum 20830-5946.

6. 1509390 - Styrkur til Mæðrastyrsnefndar

Erindi velferðar- og mannréttindaráðs um styrk til Mæðrastyrsnefndar Akraness að upphæð samtals kr. 250.000, til matarúthlutunar til fjölskyldna fyrir jólin.

Bæjarráð samþykkir styrkveitingu til Mæðrastyrsnefndar að fjárhæð kr. 250.000. Fjárhæðinni verði ráðstafað af liðnum 21010-5948.

7. 1505022 - Níu mánaða uppgjör Akaneskaupstaðar frá 1. janúar til 30. september lagt fram.

Andrés ólafsson fjármálastjóri og Sigmundur Ámundason aðalbókari mæta á fundinn undir þessum lið.

Rekstrarniðustaða samstæðu Akaneskaupstaðar er jákvæð um 90,9 mkr.

Rekstrarniðurstaða A- hluta er jákvæð um 178,7 mkr. sem er um 43,3 mkr. betri niðurstaða en áætlunin gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða B- hluta er neikvæð um 87,8 mkr. sem er 19,9 mkr. lakari afkoma en áætlunin gerði ráð fyrir.

Fjármálastjóri og aðalbókari gerðu m.a. grein fyrir kjarasamningum sem hafa verið samþykktir nýlega og munu hafa áhrif til lækkunar á rekstrarniðurstöðunni.

8. 1505141 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2015

Viðauki nr. 4 við fjárhagsáætlun 2015 vegna tímabilsins maí til desember. Andrés Ólafsson fjármálastjóri mætir á fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra og viðauka nr. 4 og vísar til samþykktar bæjarstjórnarnar.

9. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016

Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2016.

Andrés Ólafsson fjármálastjóri kemur inn á fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir frumvarp að fjárhagsáætlun 2016 og þriggja ára áætlun 2017 - 2019 ásamt tillögum og vísar til síðari umræðu í bæjarstjórn sem fer fram 15. desember næstkomandi.

IV situr hjá.

10. 1512014 - Gjaldskrá sorphirðu á Akranesi

Bréf Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um gjaldskrá Akraneskaupstaðar fyrir hirðu og eyðingu sorps.

Heilbrigðiseftirlitið telur að efnisatriði gjaldskrárinnar sé í samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gerir því ekki athugasemdir við hana.

Lagt fram með fyrirvara um formlega umsögn/samþykki heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Lagt fram.

11. 1512030 - 1001 dagur - ákall til stjórnmálamanna

Áskorun frá Vinnuhópi 1001 sem vinnur að þverfaglegu samstarfi í vinnu með börnum og fjölskyldum.

Lagt fram.

12. 1512034 - Almannavarnanefnd - leiðbeiningar um störf

Leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga um störf almannavarnanefnda sveitarfélaga.

Lagt fram.

Bæjarstjóri gerir grein fyrir þeim verkefnum sem sn eru að sveitarfélagini í tengslum við óveðrið þann 6. desember síðastliðinn.

Bæjarráð færir öllum þeim aðilum sem komu að undirbúningi og framkvæmd verkefna og þá sérstaklega Björgunarfélagi Akraness, þakki fyrir góð störf.

13. 1310193 - FIMA - húsnæðismál

Erindi Fimleikafélags Akraness um húsnæði Akraneskaupstaðar að Dalbraut 6.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi FIMA og felur bæjarstjóra að ræða við forsvarsmenn FEBAN.

14. 1512013 - OR - fjárhagsáætlun 2016

Fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur 2016 og fimm ára áætlun 2017-2021.

15. 1503066 - OR - eigendanefnd 2015

Skýrsla Orkuveitu Reykjavíkur um framfylgd eigendastefnu.

Lagt fram.

16. 1503066 - OR - áhættustefna

Áhættustefna Orkuveitu Reykjavíkur.

Lagt fram.

17. 1511167 - Orkuveita Reykjavíkur - arðgreiðsla

Tillaga stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um breytingu á fjárhagslegum skilyrðum til arðgreiðslna.

Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárhagslegum skilyrðum til arðgreiðslna og vísar til bæjarstjórnar til samþykktar.

18. 1509390 - Styrkir vegna menningar-, íþróttá- og atvinnumála 2016

Umsóknarfrestur styrkja í styrktarpott menningar-, íþróttá- og atvinnumála rann út 1. desember sl. og fer úthlutun fram á komandi ári.

Óskað er eftir umsögn og forgangsröðum frá annars vegar menningar- og safnanefnd um styrki sem falla undir menningarmál og hins vegar frá skóla- og frístundaráði um styrki sem falla undir íþróttamál.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins í samræmi við umræður á fundinum.

19. 1512039 - Norðuráldsmót 2016 - samningur

Erindi Knattspyrnufélags Akraness þar sem óskað er eftir áframhaldandi samstarfi við Akraneskaupstað vegna Norðuráldsmótsins til ársins 2018. Núgildandi samkomulag gildir til ársins 2016.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi samning og felur bæjarstjóra að ganga frá málínu með undirritun.

20. 1507081 - Akralundur 8, 10, 12 og 14 - umsókn um byggingarlóðir

Grenjar efh. fellur frá umsóknum sínum á byggingalóðum við Akralund 8,10, 12 og 14 og Blómalund 1-3,5-7-9 og 11-13.

Lagt fram.

21. 1512060 - Kirkjugarður - stækkun

Erindi frá Kirkjugarðsstjórn Akraness um framkvæmdir við stækkun Kirkjugarðsins.

Bæjarráð vísar málínu til skipulags- og umhverfisráðs.

RA'

22. 1501341 - Útboð á ræstingu 2015

Erindi skóla- og frístundaráðs þar sem lagt er til að gengið verður til samninga við lægstbjóðenda.

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við fyrirtækið Hreint ehf. um ræstingar og felur bæjarstjóra að ganga frá samningi með undirritun.

23. 1502116 - Akraneskaupstaður - stefnumótun og framtíðarsýn

Afurð vinnustofu um framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.


Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti "Gildi Akraneskaupstaðar" og vísar málinu til samþykktar í bæjarstjórn.

24. 1509004 - Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2016

Drög að starfsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2016 lögð fram.

Lögð fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:28.



The image contains five handwritten signatures in blue ink:

- Ingibjörg Valdmarsd.
- Valdís Eystjórsdóttir
- Ingibjörg Halmaðóttir
- Anna Lára Sternedal
- Ragnheiður Ásvaldardóttir
- Silmar Aðalbjörn